



Staðan var svört á Landspítala í upphafi árs. Hátt í 90 sjúklingar lágu á göngum spítalans og fjöldi sjúklinga var fastur á bráðamóttökunni og beið innlagnar á deildir spítalans. Már Kristjánsson, yfirlæknir og framkvæmdastjóri lyflækninga- og bráðasviðs, sagði þá í fjölmiðlum fjölda innlagna langt umfram viðmið. Mikið væri um veikindi starfsfólks. „Við höfum ekki séð það svartara,“ sagði hann við fréttamiðilinn Vísi. Már sagði við Læknaþingið að ástandið hefði batnað þegar leið á mánuðinn þegar pestirnar fóru að ganga niður. Mynd/Þorkell

Standa vörð um lækna í veikindum

Veikindastyrkir til lækna hækkuðu um 77% milli árána 2021 og 2022. Þá var mánuði bætt við réttindin. Stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna lækkaði um áramót aðra styrki til að mæta auknum útgjöldum sjóðsins. Formaður sjóðsins segir þó flesta styrki stéttarfélagans hærri en gengur og gerist

Ekki var hreyft við reglum um veikindastyrki lækna og fjölskyldna þeirra þegar styrkir úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði lækna, FOSL, voru lækkaðir nú í upphafi árs.

„Við leggjum mikla áherslu á að viðhalda veikindastyrknum, því það er stuðningur við lækna sem takast á við langvinn alvarleg veikindi,“ segir Gerður Aagot Árnadóttir, formaður sjóðsins FOSL og heimilislæknir. „Rétturinn var rýmkaður í byrjun árs 2022 og lengdur úr þremur mánuðum í fjóra og við vildum standa vörð um hann. Það kemur best þeim sem eru í viðkvæmstu stöðunni.“

Samkvæmt ársreikningi má sjá að

útgjöld sjóðsins hækkuðu úr tæpum 90 milljónum í 118 milli árána 2021 og 2022, um rúm 30%, en iðgjöld hækkuðu um 10 milljónir, í tæpar 105 milljónir króna og um 10%.

„Síðustu tvö ár hefur verið halli á sjóðunum og útgjöld meiri en iðgjöld. Sjóðurinn hefur þolað það ágætlega en það gengur ekki til lengri tíma litid,“ lýsir hún. Komið hafi verið að þeim tímapunkti að koma jafnvægi á sjóðinn.

Gerður segir meginmarkmiðið að standa vörð um lækna í veikindum og jukust veikindastyrkir verulega, eða um rúmar 19 milljónir, 77%, milli 2021 og 2022. Einnig sé ein helsta áherslan að standa þétt við bakið á ungun læknum.

Skotskífan færð af starfsfólki á stofnanir

Lög um refsíabyrgð heilbrigðisstofnana hafa nú verið samþykkt. Formaður Félags sjúkrahúslækna segir málið ekki hafa haggast fyrr en núverandi heilbrigðisráðherra tók það upp á sína arma

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk þurfa ekki lengur að óttast að verða dregin fyrir dóm vegna mistaka á spítölum. Alþingi hefur samþykkt frumvarp heilbrigðisráðherra um refsíabyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika.

„Nú er hægt að bæta aðbúnað sjúklinga og starfsmanna og fyrirbyggja samskonar mistök með því að gera innri skoðun á atvikum án þess að þau gögn verði notuð í refsímálum,“ segir segir Theódór Skúli Sigurðsson, formaður Félags sjúkrahúslækna. Hann var fulltrúi Landspítala í vinnuhópi sem heilbrigðisráðherra skipaði í maí 2022.

Markmið laganna er að efla öryggis- menningu innan heilbrigðisþjónustunnar, fækka alvarlegum atvikum og skýra og auka réttaröryggi heilbrigðisstarfsfólks. Theódór lýsir mikilli vinnu á bakvið tjöldin. Skýrsla starfshóps frá árinu 2015 lá í skúffu þar til málið var aftur keyrt í gang fyrir tæpum tveimur árum. „Þetta er ekki gallalaust frumvarp en

það fór í gegn með því mikilvægasta: að hlutlæg refsíabyrgð yrði að veruleika.“ Theódór bendir á að stofnanir skapi sér nú refsíabyrgð ef starfsnefnd hefur gert athugasemdir við mannekle, vinnufyrirkomulag, aðbúnað eða tækjabúnað án þess að brugðist sé við þeim. „Ef ekki er brugðist við ábendingum stofnana teygir ábyrgðin sig upp stjórnkerfið.“

Theódór segir að nú beri Embætti landlæknis að ljúka rannsókn á alvarlegum atvikum á sex mánuðum. Því þurfi að gera það kleift. Stofnanir og Embætti landlæknis þurfi að útbúa skýrar verklagsreglur um samskiptin sín á milli við alvarleg atvik. Þá þurfi embættið að setja verklagsreglur um aðkomu lögreglu sé þess þörf.

Theódór segir lagasetninguna mikinn létti. „Vísir er kominn að skýrari umgjörð þar sem starfsfólk getur unnið undir miklu álagi en þarf ekki að óttast að það verði sjálft sakfelld fyrir atvik eða aðstæður sem það hefur ekkert haft með



Theódór Skúli Sigurðsson sat í vinnuhópi heilbrigðisráðherra og fagnar lögum um refsíabyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika. Mynd/gag

að gera en er sett í vegna áhrifaþátta sem það hefur enga stjórn á,“ segir hann og nefnir að margir sem hefðu átt að koma að því að ýta þessu máli áfram hafi ekki gert það.

„Maður spyr sig hvers vegna varð svona mikill dráttur á málinu,“ segir Theódór. „Það verður að segjast eins og er að í þessu máli gerðist ekkert fyrr en Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra tók það upp á sína arma og ákvað að þrýsta málinu áfram.“ Ráðherra eigi heiður skilinn fyrir að hafa hlustað á heilbrigðisstarfsfólk.

„Nú er komin umgjörð sem setur skotskífuna á hið opinbera,“ segir hann.

Þeim fjölgi nú hratt í félaginu með meira framboði sérnáms hér á landi og fleiri útskrifuðum læknum hér heima og erlendis.

Styrkir vegna fæðinga lækkuðu um 3,5 milljónir króna milli árána 2021 og 2022 og voru 47,3 milljónir árið 2022. „Það hefur orðið heilmikil fjölgun fæðingarstyrkja, litið til lengri tíma,“ segir Gerður og að þau jákvæðu tíðindi sjáist á sjóðnum.

Gerður segir stjórn FOSL hafa vissar áhyggjur af því að veikindastyrkurinn sé nýttur í meira mæli en áður. „En þó er gott að sjá að ekki virðist hafa orðið hlutfallsleg aukning á veikindum lækna, sem betur fer,“ segir hún en bendir þó á að tölur sveiflist á milli ára. „Við sjáum

þó vísendingar um aukin álagsleg ein-kenni. Það hafa allir áhyggjur af því.“

Þak var sett við áramót á hversu háa fjárhæð hver læknir getur fengið ár hvert úr sjóðnum. Upphæðin nemur ekki meiru en 400.000 krónum á ári. Sjóðfélagi sem hefur fengið fæðingarstyrk getur þó hæst fengið 500.000 krónur. Gerður bendir á að hvorki veikinda- né fæðingarstyrkur hafi áhrif á upphæðina.

„Það skiptir okkur máli að fjárhæðin úr sjóðnum dreifist en fari ekki til fárra,“ segir hún. „Það er réttlætismál að einstaka aðilar fái ekki hærri upphæðir en aðrir.“ En hvernig stendur þá félagið miðað við önnur? „Flestir þessara styrkja eru hærri en gerist meðal annarra stéttarfélaga.“



Gerður Aagot Árnadóttir heimilislæknir er formaður styrktarsjóðs Læknafélagsins, FOSL. Styrkir úr sjóðnum verða nú lækkaðir en þeir hafa aukist umfram iðgjöld á síðustu árum. Mynd/gag